



3, 3.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
RITSTJÓRI.

Febr. 1908.

## KVEÐJA.

Með þessu númeri „Sam.“ hættir deildin „Börninn“ að koma út, samkvæmt því, sem samþykkt var á síðasta kirkjuþingi. Með nýárinu hættu „Börninn“ að koma út sem sérstakt blað. En þótt nafnið hverfi, er sumum hefur þótt óviðkunnanlegt — mönnum sýnist svo misjafnt —, þá hverfur vonandi ekki blaðið. Það breytist, verður stærra og fyrir fleiri. Það vex. Allt gott á að vaxa. Það var vísir. Og þegar gefið er í skyn, að það hafi verið gott, þá er átt við, að það hafi verið góður vísir — vísir að blaði, sem þurfti að vaxa. Og líka, að það hafi verið í þjónustu hins góða — unnið að því að sá til hins góða í barnssálinnar og hjálpa því áfram.

Sá, sem skrifað hefur blaðið, er ekkert upp með sér af því. Það var ekki af neinni metorðagirnd, að hann byrjaði á því. Hann tók upprunalega við af öðrum, af því hann var beðinn þess. Hann sóttist ekki eftir því. Færðist undan því, af því hann treysti sér svo illa til þess; en lét þó tilleiðast. Og honum hefur fundist og finst enn, að handleiðsla drottins hafi verið hér með í verki og stjórnað atvikunum — að drottinn hafi á þennan hátt gefið honum bending um, að hann vilji nota hann

til þess að vinna að þessu verki. Og þá trúir hann því, að hann hafi gert eitthvert gagn með litla blaðinu, og muni geta gert gagn með stærra blaði.

Mestu varðar, hvort við gerum það, sem drottinn vill, og gögnum verkinu, sem hann er að vinna; en ekki, hvernig það, sem við gerum, er talið af mönnum, hvort það er óásjállegt eða glæsilegt í augum þeirra. Um það verður aldrei spurt af drotni: Fékstu álit á þig fyrir það, sem þú gerðir. Þótti hinum eða þessum mentamanninum nokkuð varið í það? Græddirðu glæsilegra nafn með mönnum fyrir það? Heldur um það: varstu að vinna fyrir mig?

Sá, sem þetta ritar, hefur ekki viljað sækjast eftir heiðri hjá mönnum með hinu litla blað-starfi sínu, en hann hefur sókst eftir og vill sækjast eftir því, að fá að sá í sálir barna og unglinga því, sem lifir og þroskast í þeim og er þeim til góðs bæði fyrir tíma og eilífð.

Á hverju riður meir en á því, að þetta verði gert? Það virðist eins og öllum, sem ant er um heill kynslóðarinnar, ætti að vera ant um, að börnum og unglimum sé sint sem allra best — að unnið sé sem mest og best á móti því, sem spillir hinum ungu sálum, með því að gefa þeim það, sem holt er og gott fyrir þær.

Sé þörf á blöðum fyrir fullorðna — og um það efast enginn—, þá er líka þörf á þeim fyrir börn og unglinga. Og sé þörfin mikil að því er kemur til hinna eldri, þá er hún ekki minni að því er kemur til hinna yngri. Blindur maður er sá, sem ekki sér það. Hugsunarlaus sá, sem ekki finnur til þess. Hirðulaus sá, sem ekkert vill sinna því.

Guð blessi alla þá, sem láta sér ant um börn og unglinga, og sýna það í verkinu.

Svo er öllum þeim þakkað fyrir, sem þegið hafa hið litla, er blaðið „Börninn“ hefur gefið. Og búist er við því, að þeir verði hollvinir hins nýja blaðs, sem út á að koma í næsta mánuði.



NYÁRSGESTURINN HENNAR ÖMMU.

(Niðurlag frá síðasta blaði.)

„Kæra, góða amma!

Ef eg hefði hug til þess að koma fram fyrir þig, kæmi eg sjálfur og reyndi að skýra þér frá því, í hvað mikilli skuld eg er við þig, fyrir það að þú snerir mér af villu míns vegar hérna um nóttina; en eins og stendur á fyrir mér vil eg að eins senda þér aftur peningana, sem þú lánaðir mér, með hjartans þakklæti mínu fyrir alt. Já, það er satt. Eg var svangur þá. Og mér stóð þá líka á sama, hvað eg gerði. Hitt veistu. En eg átti einu sinni ömmu, og var uppáhaldið hennar. Og þegar þú hrópaðir: „Lof sé þér, drottinn minn!“ — og það var svo líkt henni—, þá misti eg niður silfurfatid, sem eg var búinn að taka og ætlaði að stinga á mig. Og þegar eg stóð frammi fyrir þér, var eg afllaus eins og drusla. Þú mintir mig svo átakanlega á hana ömmu mína. Nú—þegar eg var búinn að seðja hungur mitt, þá fór eg að góðu ráðunum þínum og fór heim til móður minnar með fyrstu járnbrautarlest. Og hérna heima ætla eg mér að reyna að lifa hinu hreina lífi, sem þú útmálaðir fyrir mér. Eg sagði móður minni frá öllu saman, og hún sagði við mig: ‘Segðu henni, að eg muni reyna að þakka henni, þegar við hittumst hinumegin.’ Og það vil eg líka gera, ef eg verð nokkurn tíma álitinn þess verður, að vera í þeim hóp.

Þá nótt fanst mér himninum bregða fyrir mig. Og nú skil eg betur, hvernig guð skuli geta fyrirgefið öðrum eins syndurum og eg er, þegar eg hugsa til þess, hvernig þú gast tekið svo hlýlega í höndina á mér, sem ætlaði að ræna þig, og í stað þess að kalla mig þjóf óskaðir mér til heilla á árinu og kallaðir mig ‘son’. Guð laun þér. Eg get þ áð aldrei.“

Bréfið var lesið með tár votum augum. Og þegar lestrinum var lokið, leit hún, sem las það, innilega inn í bláða andlitið, sem hafði haft svo góð áhrif á þann, sem skrifaði bréfið. Og hún treysti sér ekki að segja annað en:

„Vissulega verður þetta stjarna í kórónunni þinni, amma!“

Það var þögn. Gamla konan andvarpaði. Það var sæluandvarp, sem sté upp frá brjósti hennar. Þá svaraði hún, en fór undan:

„Nú skilurðu, góða mín! því eg ekki get um annað talað en fyrsta nýársgestinn minn.“

Úr *Christian Herald*.

ÞAD VAR UPPELDI MÖMMU HANS AÐ ÞAKKA.

Róland nam staðar, leit upp og las: „Vinna fyrir drengi“ á auglýsinga-spjaldi. Það hékk utan á stóru verslunar-húsi. En rétt hjá því var búð, sem brunnið hafði. Hann var kominn að þeirri niðurstöðu, að hann væri orðinn nógu gamall til að vinna og hjálpa henni mömmu sinni. En átti hann að fara inn? Hann var á báðum áttum. En tók í sig kjark og gekk inn. Honum var vísað til herbergis, þar sem menn sátu á háum baklausum stólum og voru að skrifa í stórar bækur. Allir voru þeir önnur kafnir, og tóku ekkert eftir honum, nema hár maður einn, sem var þar. Hann kom til hans og fór að spyrja hann. Og hann spurði svo ört, að Róland ætlaði að verða í vandræðum með að svara:

„Hvaða verk býstu við að vinna? Veist það ekki? Eins og flestir drengir. Aldrei unnið áður? Heldur líklega það sé bara leikur. Nú, farðu þarna ofan. Maður þar mun segja þér, hvað þú átt að gera.“ og um leið benti hann honum ofan stiga.

Róland fór ofan. Þar niðri eru þá sex drengir að hreinsa og fægja hnífa, og hafa ermarnar brettar upp. Maður er þar líka, sem lítur upp og segir við hann:

„Kominn til þess að sjá, hvað þú getur gert? Látum okkur þá sjá. Þeir eru ný-farnir. Þeim leiddist verkið. Sýnist eins og verkið sé ekki drengja meðfæri. En verður samt að gerast. Þú sérð hérna“—og um leið tók hann upp nokkra hnífa og nokkur skæri og sýndi honum ryðið — „þú sérð, hvernig vatnið, sem bjargaði byggingunni okkar undan eldinum hérna um kveldið, hefur skemt sumt af dýrustu mununum okkar. Ef þú vilt reyna að fægja þá, skal eg sýna þér, hvernig þú átt að fara að því. Við borgum vist á dúsinið.“

„Það er ósanngjarnt!“—kallaði einn drengurinn. „Því á sumum er meira ryð en á öðrum.“

„Ef þú ert ekki ánægður með skilmálana okkar, karl minn! Þá getur þú farið“—sagði verkstjórinn.

Drengur tautaði, að hann vildi heldur vera vikadrengur og fá að sjá meira af lífinu, og fór. En Róland tók til að vinna af kappi. Og um leið og hann lauk við einhvern hlutinn, skoðaði hann hann í krók og kring, og hugsaði um það, hvort mamma hans myndi vera ánægð.

Þegar tími var kominn að hætta vinnu, kom maðurinn, sem hafði sent Róland ofan. Hann leit á drengina og sagði svo við verkstjóran:

„Nú, hvernig gengur?“

Verkstjórinn benti þá á Róland og sagði: „Þarna er drengurinn, sem við höfum verið að leita að. Honum þykir sæmd að því að gera verkið sitt vel. Hann er vel upp alinn drengur.“

Og nú talaði há maðurinn aftur fljótt:

„Rétt! Það er drengurinn. ‘Vinna fyrir dreng’ þýðir ekki, að það sé vinna hjá okkur fyrir hvaða dreng sem er. Veit mamma þín, að þú fórst? Ekki? Nú, farðu þá með fyrsiu launin þín til hennar, og segðu henni, að þú getir fengið vinnu hérna. Taktu svo um hálsinn á henni, og þakkaðu henni fyrir, að hún hefur kent þér að vera vandvirkur. Ef fleiri drengir hefðu lært að vera vandvirkir, þá kæmst líka fleiri drengir betur áfram í heiminum.“

Þegar Róland var að segja mömmu sinni frá þessu, sagði hann: „Eg held, mamma! að mér hafi gengið svona vel af því eg var bara að hugsa um, hvað þú myndir vera ánægð með, en ekkert um auglýsinguna: ‘Vinna fyrir dreng’.

Úr *S. S. Advocate*.

## ÆÐI-HART. .

(Þýtt).

„Það er æði-hart að hafa ekkert nema graut að borða, þegar aðrir hafa allskonar sælgæti“—talaði Hans með grautar-skálina fyrir framan sig á borðinu. „Og æði-hart er það, að þurfa að fara svona snemma á fætur í þessum bruna, og vinna allan daginn, þegar aðrir skemta sér og þurfa ekkert að gera. Og æði-hart er það líka, að verða að þramma í gegnum snjóinn, þegar aðrir aka í vögnum.“

„Það er mikil blessun, Hans minn!“—sagði amma hans, sem var að þrjóna og heyrði til hans — „að hafa mat, þegar margir aðrir eru hungraðir. Og það er mikil blessun, að eiga þak yfir höfuðið á sér, þegar svo margir menn eru hælislausir. Og það er líka mikil blessun að hafa sjón og heyrn og krafta til þess að vinna daglega vinnu sína, þegar svo margir eru blindir og heyrnarlausir og bágstaddir.“

„Að heyra til þín, amma! Það er eins og þú álitir, að ekkert sé hart“—sagði pilturinn nöldrandi.

„Ó nei, Hans minn! Það er eitt, sem mér þykir hart.“

„Og hvað er það?“—sagði Hans. Og var nú málrómurinn annar. Því honum þótti vænt um, að amma hans hafði þó yfir einhverju að kvarta.

„Já, mér þykir það hjarta hart, góði drengurinn minn! sem ekki þakkar fyrir svo mikla blessun.“

### GRÓÐA-FYRIRTÆKI MARÍU.

Á sjöunda afmælisdeginum sínum fékk María peninga frá föður sínum, sem heima átti á Indlandi. Fyrir peningana átti hún að kaupa sér biblíu. En áður en búist var að kaupa biblíuna datt henni eitt í hug. Og hún sagði við ömmu sína um leið og hún hélt á lofti peningunum: „Amma! er þetta ekki nóg til þess að kaupa tvær biblíur fyrir?“ — „Jú, góða mín! En hvað ætlarðu að gera með tvær biblíur?“ — „Eg vil kaupa aðra handa sjálfri mér, en hina vil eg senda til Indlands og gefa hana einhverri Hindúa-stúlku þar sjö ára, sem ekki á neina biblíu“ — sagði María.

Fyrir þetta fékk nú María ekki nærri því eins fallega biblíu eins og hún hafði búist við í fyrstu. En henni stóð á sama um það; því nú hugsaði hún mest um afmælisgjöfina, sem hún ætlaði að senda til Indlands og koma átti flatt upp á einhverja litla stúlku þar.

Í bréfi, sem skrifað var með biblíunni, var beðið um að skrifa á saurblaðið nafn litlu stúlkunnar, sem fengi hana, og neðan undir „frá Maríu—“

Eftir þetta bætti María nýrri bæn við kvöldbænina sína. Hún bað fyrir litlu Hindúa-stúlkunni, sem fengið hefði biblíu eins og hún. Kvöld eftir kvöld heyrðist hún biðja guð að blessa hana.

Árin liðu. María varð fullorðin. Og árið 1882 varð hún missióneri og fór til Indlands. Skömmu eftir að hún kom þangað fór hún einn dag að heimsækja konur í kvennabúrum þeirra (Zenana\*). Og í fylgd með henni var innfædd *biblú-kona*\*). Um nafn hinnar aðkomnu trúboðs-konu vissi hún ekkert fyrr en hún heyrir það af samtalinu. Þá skín óvænt gleði-ljós úr andliti hennar. Hún þrífur bók upp úr vasa sínum, réttir hana

\*) Konur á Indlandi búa sér í kvenna-búrum, sem kölluð eru Zenana. Og Zenana-missión er kölluð trúboðs-starfsemi kristinna kvenna á meðal kvenna þar.

\*) Biblíu-konur nefnast konur þær, sem á missiónar-stöðvunum eru fengnar til þess að kenna konum undirstöðuatriðin í kristindóminum.

að Maríu, og bendir henni með ákefð að lesa það, sem standi á saurblaðinu. María sér þar þá nafnið sitt. Bókin var þá biblí-an, sem hún hafði sent til Indlands. Og kristna starfs-konan þessi var litla Hindúa-stúlkan, sem hún svo oft hafði beðið fyrir.

Guð hafði þannig blessað fyrsta missíonar-verkið hennar, sem hún hafði unnið, þegar hún var lítil stúlka. Hann hafði blessað gjöfina hennar, og látið hana verða til þess, að Hindúa-kona ein varð að kristinni starfs-konu. Og hana sjálfa hafði hann gert að missíónera. Og svo átti hún líka að fá að njóta þeirrar ánægju, að hafa í félagi við sig og í starfi með sér *hana*, sem hún svo lengi hafði beðið fyrir.

Úr *Children's Missionary Friend*.

---

### EINN VEGUR.

Það var einu sinni litil stúlka, sem kunní ætíð lexíuna sína á sunnudagsskólanum svo vel. Hún hét Lóis. Einu sinni spurði kennarinn hana, hver kendi henni lexíuna. Hún svaraði: „Eg kenni mér hana sjálf.“

„En hvernig ferðu að því?“—spurði kennarinn.

Hún svaraði: „Eg á sex brúður. Og á hverri viku kenni eg þeim lexíuna. Eg kenni hverri fyrir sig, og læt þær læra minnistextann líka. Svo þegar eg er búin að kenna þeim, þá kann eg sjálf lexíuna mína svo vel, að eg kann utan að nærri því hvert einasta orð.“ — Og hún sagði það satt.

Skyldu ekki vera til einhverjar litlar stúlkur aðrar, sem eiga brúður og vildu kenna þeim?

Úr *S. S. Herald*.

---

### STEINAR GEFA BRAUÐ.

(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

Maður er nefndur König; hann var háskólakennari í Bern í Sveiss. Hann var maður örlátur mjög og góðgjörðsamur.

Einhverju sinni hafði hann gefið svo mikið, að kona hans sagði honum, að þau hefðu hvorki brauð né mjöl í húsi sínu. En hann svarði henni: „Fyrr hljóta steinar að verða að brauði en König deyi af hungri,“ enda rættust þessi orð því nær með öllu. Rétt á eftir kom ókunnur maður til Königs, og bað hann að snúa grein nokkurri á þýska tungu. König hafði lokið starfi þessu á þremur stundum, en vildi ekkert fyrir taka; en komumaður gekk þó síðar til malara eins, og bað hann að senda König mjölkvartil. Næsta dag gekk komumaður til Königs aftur, til að vita, hvort hann hefði fengið sendinguna. König spurði hann þá að nafni, og kvaðst hann heita *Steinn*. „Heyrirðu nú,“—sagði þá König við konu sína — „heyrirðu nú, þú trúarveika kona? Komumaður heitir *Steinn*. Sagði eg þér ekki, að fyrr hlytu steinar brauð að gefa, en König dæi úr hungri.“

---

### TIL GAMANS.

---

*Önnur hlið á máli.*—Kona kvartaði við skólaneftdar-mann yfir því, að drengurinn hennar hefði verið barinn í skólanum með reglustiku og hún brotin á honum.

Hann: „Góðin mín! heldur þú það hefði verið betra, að eitthvert beinið hefði brotnað í ódæla drengnokkanum þínum? Eg held þú ættir að vera þakklát fyrir, að reglustikan brotnaði.“

---

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. *Address* ritstjóra „*Barnanna*“: Selkirk, Man.

Hr. *Sigrbjörn A. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaðr „Sam.“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „*Barnanna*“.

*Address:* Sameiningin, P. O. Box 680, Winnipeg, Man.